

Priðjudaginn 8. nóvember 1977.

Nr. 13/1976. **Hreifi h/f**

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)

gegn

Aðalsteini Guðmundssyni og gagnsök

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Skiprúmssamningur. Kaupgjaldsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 21. janúar 1976. Hann krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 11. mars 1976. Hann krefst aðallega 1.138.873 króna frá aðaláfrýjanda með 7% ársvöxtum frá 23. mars 1973 til 16. maí s. á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti og viðurkenningar á sjóveðrétti í m/s Héðni, ÞH 57, til tryggingar kröfum sínum. Til vara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi var síðast lögskráður sem stýrimaður á m/s Héðin, ÞH 57, hinn 22. september 1972 á „sildveiðar með herpinót“ í Norðursjó. Áður en sildveiðum var lokið, var gagnáfrýjandi lögskráður úr skiprúmi í Hirtshals í Danmörku 8. nóvember 1972. Var um þetta samkomulag með gagnáfrýjanda og skipstjóranum, Maríusi Héðinssyni. Hvarf gagnáfrýjandi að því búnu heim til Íslands og hóf um sinn störf hjá Hringnót h/f, eins og nánar er rakið í hinum áfrýjaða dómi. Við afskráninguna virðist hafa verið ætlast til þess, að þar með hyrfi gagnáfrýjandi úr skiprúmi sínu það sem eftir væri sildveiðitímans, en hins vegar hafi verið fastmæl-

um bundið, að hann ætti kost á stýrimannsstöðu, er skipið hæfi loðnuveiðar í janúar 1973.

Framangreint samkomulag gagnáfrýjanda og skipstjórans á m/s Héðni verður eigi skýrt svo, að aðaláfrýjandi hafi átt að bera áhættu af því, ef gagnáfrýjandi reyndist vegna veikinda ófær um að taka við stýrimannsstarfi á ný, er loðnuveiðar hæfust. Maríusi Héðinssyni skipstjóra var kunnugt um þau veikindi, sem gagnáfrýjanda höfðu borið að höndum, eftir að hann var skráður úr skiprúmi. Var skipstjóra því rétt að krafjast þess af gagnáfrýjanda, er hann vildi koma í skiprúm að nýju, að hann sannaði með læknisvottorði, að hann gæti heilsu sinnar vegna tekið við stýrimannsstarfi. Þar sem gagnáfrýjandi sinnti þessu ekki, var skipstjóra heimilt að líta svo á, að gagnáfrýjandi hefði ekki hlotið þann bata, að hann gæti gegnt stýrimannsstarfi. Samkvæmt þessu á gagnáfrýjandi eigi rétt til skaðabóta úr hendi aðaláfrýjanda fyrir uppsögn úr skiprúmi án uppsagnarfrests eða launa samkvæmt ákvæðum 32. gr., sbr. 18. gr. laga nr. 67/1963. Þer því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í málinu, en rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, Hreifi h/f, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Aðalsteins Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verslunardóms Hafnarfjarðar 19. desember 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 4. þ. m., hefur Aðalsteinn Guðmundsson stýrimaður, Laufvangi 8, Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 17. apríl 1973, á hendur Hreifa h/f, Óseyrarbraut 9—11, Hafnarfirði.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 1.138.873 með 7% ársvöxtum frá 23. mars 1973 til 16. maí s. á., en með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, en með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk máls-

kostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Þá krefst stefnandi staðfestingar á sjóveðrétti í m/s Héðni, ÞH 57, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir.

Stefnandi, Aðalsteinn Guðmundsson, var fyrst lögskráður á m/s Héðin, ÞH 57, eign stefnda, Hreifa h/f, í janúar 1970. Síðast var hann afskráður úr skiprúmi hinn 8. nóvember 1972. Stefnandi var jafnan stýrimaður á skipinu. Hvert ár stundaði skipið mismunandi tegundir fiskveiða, en hlé urðu milli veiðitímabíla. Voru þá skipverjar að jafnaði skráðir úr skiprúmi, en síðan lögskráðir að nýju, er haldið var til veiða. Milli veiðitímabíla kveðst stefnandi ýmist hafa unnið við skipið eða verið í ólaunuðu leyfi í samráði við skipstjóra. Stefnandi kveðst jafnan hafa litið svo á, að hann væri bundinn ráðningarsamningi og talið, að ætlast væri til, að hann mætti til skips, þegar kallað væri eftir við upphaf nýs veiðitímabíls.

Haustið 1972 var m/s Héðinn við síldveiðar í Norðursjó. Stefnandi var 1. stýrimaður, en 2. stýrimaður hét Sæmundur Helgason. Áður hafði maður að nafni Grímur Grímsson verið 2. stýrimaður á skipinu, en Sæmundur komið í hans stað sem afleysingastýrimaður og staðið til, að hann leysti Grím stýrimann af allt haustið. Þegar kom fram í nóvember, varð það að samkomulagi með stefnanda og skipstjóranum, að stefnandi færi heim til Íslands, en Grímur Grímsson yrði kallaður til að taka við stöðu hans sem 1. stýrimaður á skipinu. Segir stefnandi, að hvort tveggja hafi verið, að sig hafi langað í frí og að skipstjórinn, Marius Héðinsson, hafi boðið sér að taka frí á móti Grími. Stefnandi kveðst hafa farið úr skiprúmi hinn 10. nóvember í Hirtshals í Danmörku, en samkvæmt skipshafnarskrá var hann lögskráður úr skiprúmi hinn 8. nóvember.

Fyrirtækið Hringnót h/f starfrækir netaverkstæði í Hafnarfirði. Framkvæmdastjóri þess félags er Jón Ármann Héðinsson, sem einnig er framkvæmdastjóri stefnda, Hreifa h/f. Áður en stefnandi réðst sem stýrimaður á m/s Héðin, hafði hann unnið á netaverkstæðinu hjá Hringnót h/f, og eftir það vann hann oft milli úthalda hjá fyrirtækinu. Hann kveður þó ekkert hafa verið um það rætt, er hann réðst á skipið, að hann ynni hjá Hringnót

h/f í fríum, hann hafi ráðið sig að eigin frumkvæði í hvert einstakt skipti. Þegar stefnandi kom heim í nóvember 1972, hóf hann störf á verkstæði Hringnótar h/f, tók þar við starfi Gríms Grímssonar, sem starfað hafði á verkstæðinu frá því Sæmundur Helgason tók við stýrimannsstöðu hans á m/s Héðni. Stefnandi starfaði svo þarna á verkstæðinu þar til 11. eða 12. desember, er hann lagðist rúmfastur vegna verkjar í baki og var samkvæmt læknisráði frá vinnu þar til hinn 17. janúar 1973.

Jóhann Gunnar Þorbergsson, læknir á endurhæfingardeild Borgarspítalans, gaf svofellt vottorð undir rekstri máls þessa:

„Þ. 13. 12. '72 leitaði Aðalsteinn til mín og kvartaði um verki í mjóbaki. Verk lagði út í hæ. mjöðm, en ekki niður í ganglimi. Kvaðst Aðalsteinn hafa orðið óvinnufær vegna þessa sjúkdóms þ. 11. 12. sama ár. Sj. fékk lyf og var ráðlagt að taka sér hvíld frá vinnu fyrst um sinn. Ég skoðaði sj. alls 5 sinnum á tímabilinu frá 13. 12. '72 til og með 17. 1. '73. Þ. 16. 1. '73 var tekin rtg.mynd af mjóbaki (col. lumbosacralis). Sást þar, að liðbilið L:4-L:5 var nokkuð þröngt miðað við önnur. Sj. var þá orðinn verkjalaus í mjóbaki, og leiddi verk, sem fyrr, ekki niður í ganglimi. Var hann því talinn vinnufær frá og með 17. 1. '73, og fékk hann sama dag læknisvottorð I vegna umsóknar sinnar um sjúkradagpeninga.

Ég hef ekki haft Aðalstein til meðferðar síðan 17. 1. '73.“

Í skriflegri aðiljayfirlýsingu, sem skipstjórinn, Marius Héðinsson, hefur lagt fram í málinu, segist honum svo frá:

„Ég talaði við Aðalstein, er við komum í höfn frá síldveiðum í Norðursjó rétt fyrir jólin, og sagðist hann þá varla geta hreyft sig vegna bakverkja. Ég sagði honum þá að reyna ekki að mæta til vinnu fyrr en fullfrískum. Við höfðum af og til samband í síma, og kvað Aðalsteinn jafnan svo á, að batinn gengi hægt og læknir hefði ekki úrskurðað, hvað væri að sér.

Um miðjan janúar hringi ég í Aðalstein og spyr um líðan hans. Þá segir hann, að hann biði eftir myndum af bakinu og umsögn læknisins. Stuttu á eftir hringir svo Aðalsteinn og er mjög niðurdreginn. Hann segir lækinn úrskurða „brjós-klos“ í baki og yrði aðgerð ekki gerð að sinni. Læknirinn hefði bannað sér að reyna nokkuð á bakið og beygja bakið undir átaki. Þó hafi hann ekki bannað sér að vinna léttu vinnu.“

Stefnandi hefur lýst umræddum samtölum svo einnig í skriflegri aðiljayfirlýsingu:

„Um kl. 20.00 (hinn 17. 1.), er ég kom heim, hringdi ég til Mariusar, og er hann spurði mig, hvað myndin hefði leitt í ljós

og hvað læk'nirinn hefði sagt, sagði ég honum, að myndin hefði leitt í ljós svonefnt disklos, en jafnframt að ég kenndi mér einskis meins og væri algjörlega verkjalaus og læk'nirinn hefði úrskurðað mig vinnufæran með vottorði, er ég hefði undir höndum. Er ég hafði sagt Mariusi þetta, kvað hann af og frá, að ég færi með þeim út á sjó svona, eins og hann orðaði það, samt kvaðst hann ekki vilja ákveða það endanlega fyrr en hann hefði rætt við forstjóra Hreifa h/f, Jón Ármann Héðinsson, um þetta. Um kl. 11.00 daginn eftir hringdu svo þeir bræður til mín, gekk það samtali að mestu út á að sannfæra mig um, hversu mikill sjúklingur ég væri og voru ósparir á dæmisögur því til sönnunar og kváðu algert óráð fyrir mig að fara út á sjó með m/s Héðni. Jafnframt buðu þeir mér, Jón, vinnu á netaverkstæðinu Hringnót og Mariús meðmæli, ef ég vildi sækja um skipstjórastarf á öðrum bát. Ég sagði þeim, að ég vildi ekki missa af loðnuvertíðinni, enda teldi læk'nirinn mig vinnufæran, þó hann ráðlegði mér að fara varlega, meðan maður væri að venjast að vinna með þessu. Þeir vildu ekki heyra á þetta minnst, lauk þá þessu viðtali. Næstu daga fór ég að athuga, hvort hægt væri að meina mér plássins. Hafði ég samband við mitt stéttarfélag, og töldu þeir mig vera ráðinn á skipið, þar til uppsögn færi fram, og þá 3ja mánaða fullt kaup, ef af yrði. Þann 21. 1. '73 hringdi ég til Mariúsar og varaði hann við afleiðingunum, ef hann vildi mig ekki um borð, kvaðst hann þá vilja fullgilda menn á skipið, en enga hálfdrættinga. Spurði ég hann, hvort hann gæti vefengt læk'nisvottorðið eða hvort hann væri betur dómbær á þetta en læk'nirinn, því svaraði hann ekki. Þá sagðist hann líka vera búinn að ráða annan mann á skipið. Ég benti Mariusi á það, að hann yrði þá að taka afleiðingunum af því, ef hann léti mig ekki halda plássinu. Síðar lét skipið úr höfn og hélt til loðnuveiða þann 23. jan. '73, án þess að skipstjóri eða forstjóri hefðu nokkurt samband við mig. Eftir það hafði ég nokkur skipti samband við forstjórann, og lét hann á sér skilja, að hann vildi ná sáttum, en síðar kvað hann sér þetta óviðkomandi og lýsti allri ábyrgð á hendur Mariusi."

Þegar skipstjórinn, Mariús Héðinsson, kom fyrir dóminn til yfirheyrslu hélt hann fast við, að stefnandi hefði neitað því, að hann hefði læk'nisvottorð, þegar þeir töluðu saman í síma að kvöldi hins 17. janúar. „Hann tók alveg fram, að hann hefði ekki læk'nisvottorð, alla tíð sem ég talaði við hann. Það var ekki fyrr en um vorið, í sambandi við stefnu, sem læk'nisvottorð kom fyrir mín augu eða eyru."

Við samprófun var stefnandi ítarlega spurður, hvort skipstjórinn, Maríus, hefði sett fram einhver skilyrði eða minnst á vottorð: „Ég held hann hafi orðað það þannig, að ég gæti komið, ef ég gæti komið með vottorð upp á það, að ég væri fullgildur maður. Ég sagðist efast um það, að slíkt vottorð fengi nokkur maður.“

Svo sem fram kemur í yfirlýsingu Jóhanns G. Þorbergssonar læknis, sem áður er til vitnað, fékk stefnandi hjá honum hinn 17. janúar læknisvottorð I vegna umsóknar um sjúkradagpeninga, og í því vottorði er því lýst yfir, að stefnandi hafi orðið vinnufær sama dag. Við samprófun var stefnandi spurður, hvort honum hefði ekki dottið í hug að framvísa við skipstjórann eða framkvæmdastjórann nefndu læknisvottorði: „Það var ekki til þeirra. Eg taldi mér ekki bera skyldu til að framvísa læknisvottorði.“

Svo sem áður er greint, auglýstu forsvarsmenn Hreifa h/f í útvarpinu lausa stöðu stýrimanns á m/s Héðni hinn 18. janúar 1973. Maríus skipstjóri kvað stefnanda þá hafa hringt og spurt, hvort þeir áttuðu sig á því, hvað þeir væru að gera. Hann kvaðst þá hafa sagt við stefnanda: „Ef þú kemur með læknisvottorð þá færðu plássið. Þá borgum við þessum manni, sem við erum búnir að ráða, eitthvað eða reynum að semja við hann, þar sem hann er ekki kominn um borð í skipið og er ennþá norður á Akureyri.“

Stefnandi staðfesti, að skipstjórinn hefði sagt við sig í símtali, eftir að auglýst hafði verið, að hann gæti komið um borð og þeir mundu reyna að semja við hinn manninn: „Hann sló því fram, en sneri strax frá því aftur.“ „Allavega var vottorð ekki aðalatriðið, heldur það álit þeirra, að ég væri óvinnufær, og engin krafa kom fram um að sýna það.“

Framburður Jóns Ármanns Héðinssonar fyrir dómi var efnislega mjög á sama veg og bróður hans, Maríusar skipstjóra. Hann kvaðst hafa rætt símleiðis við stefnanda og lagt áherslu á það, að hann kæmi með læknisvottorð, sem sýndi, að hann gæti farið á sjó sem fullgildur maður í hans stöðu. „Þegar við ræddum saman var hann ekki búinn að fá neitt læknisvottorð.“ Hann kvaðst ekki hafa séð sjúkradagpeningavottorðið frá 17. janúar 1973 fyrr en eftir þingfestingu máls þessa.

Eftir framkvæmdastjóranum var m. a. bókað:

„Mættur segir, að ef hann muni rétt, þá hafi stefnandi ekki treyst sér til að koma til vinnu við bátinn síðustu dagana fyrir skráningu, eins og venja sé um hluta af væntanlegri skipshöfn, fyrst og fremst yfirmenn.“

Við samprófun, sem fór fram í beinu framhaldi af þessum um-

mælum framkvæmdastjórans, sagði stefnandi, að það hefði verið marg um talað milli sín og Maríusar, að hann kæmi til vinnu við bátinn, strax og hann væri orðinn vinnufær. Hins vegar kannaðist hann ekki við, að skipstjórinn hefði beðið sig um að koma til vinnu við bátinn á ákveðnum tíma eða ákveðnum degi. Stefnandi var þá spurður, hvort hann hafi verið vinnufær fyrr en 17. janúar. Hann vísaði til þess, að hann hefði verið undir læknishendi, frá sínu sjónarmiði væri hugsanlegt, að hann hefði fyrr getað farið að vinna við bátinn, en það hefði verið læknisins að dæma um það.

Frammi liggur í málinu umsókn stefnanda um sjúkradagpeninga, en margnefnt vottorð frá 17. janúar var fylgiskjal með þeirri umsókn. Umsóknin er dagsett 2. febrúar 1973. Þar tilgreinir stefnandi sjálfur Hringnót h/f sem vinnuveitanda sinn, er hann veiktist, og telur sig í umsókninni hafa verið ráðinn til starfa um óákveðinn tíma hjá því fyrirtæki, er hann varð óvinnufær. Stefnandi veitti viðtöku fyrirvaralaust hinn 16. febrúar 1973 kr. 10.115 frá Hringnót h/f sem greiðslu fyrir þá átta veikindadaga, sem hann átti rétt á greiðslu fyrir samkvæmt kjarasamningi.

Stefnandi hóf vinnu hjá Ísal hinn 7. febrúar 1973. Hann kvað gagngera læknisskoðun hafa farið fram á sér af hálfu Ísals, áður en hann hóf störf. Hann kvaðst hafa ráðið sig þar sem fullgildan mann og ekkert verið frá verki vegna baksins næstu mánuði. Hann kvaðst aðeins einu sinni, frá því hann lá greinda sjúkralegu, hafa fundið fyrir bakverk, líklega um ári eftir fyrstu veikindin, og þá fengið leyfi í nokkra daga. Spurður um, hvort hann hefði farið á sjóinn aftur, kvaðst hann hafa leyst af 1. stýrimann á Faxaborg, GK 40, einn mánuð sumarið 1973 við síldveiðar á Norðursjó og leyst sama mann af síðustu túrana á loðnunni á vertíðinni 1974, ráðið sig síðan sem 2. stýrimann á skipið, orðið síðan 1. stýrimaður, og þeirri stöðu gegndi stefnandi, er hann kom fyrir dóminn 11. desember 1974. Hann kvaðst þá hafa verið við síldveiðar í Norðursjónum síðustu sex mánuðina að frátöldum 1 mánuði, sem hann hefði verið í frii. Hann kvaðst vera heilsugóður og engan veikindadag hafa tekið þennan tíma.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

„1. Priggja mán. föst laun m. orlofsfé kr. 3.184.89

2. Tveggja mán. aflahl. m. orlofsfé	kr. 835.688.55
3. Eins mán. aflahl. m. orl. áætlað	— 300.000.00

Samtals kr. 1.138.873.44⁴⁴

Kröfur þessar byggir stefnandi á 2. mgr. 13. gr. laga nr. 67/1963, þar sem segir, að sé ekki öðruvísi um samið, skuli uppsagnarfrestur á skiprúmssamningum stýrimanna vera þrír mánuðir, svo og á ákvæðum 3. mgr. 14. gr. síldar- og loðnuveiðisamnings milli Landssambands íslenskra útvegsmanna og félaga innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands frá 31. desember 1971, þar sem segir, að uppsagnarfrestur stýrimanna skuli vera þrír mánuðir og skuli uppsögnin vera skrifleg af beggja hálfu. Stefnandi byggir þannig á því, að ráðningarsamningur hans hafi verið í fullu gildi, er nýr maður var ráðinn í skiprúm hans hinn 19. janúar 1973, og eigi hann samkvæmt framangreindum ákvæðum rétt til launa á uppsagnarfresti. Stefnandi telur sig hafa farið í ólaunað orlof, er hann var afskráður í nóvember 1972, og hafi hann átt að vera í því leyfi fram að loðnuvertíð. Bendir stefnandi í því sambandi m. a. á ákvæði 18. gr. áðurgreinds kjarasamnings, en í því samningsákvæði segir, að útgerðarmaður skuldbindi sig til að velja annan hvorn eftirtalinna kosta um orlof síldveiðisjó-
manna þeirra skipa, sem eru að veiðum í Norðursjó:

- „1. Veita skipshöfn orlof í minnst 10 daga eftir að skipið hefur verið fjarverandi frá Íslandi í þrjá mánuði, með því að sigla skipinu í heimahöfn.
2. Greiða kr. 10.000.00 upp í ferðakostnað hvers áhafnarmanns, að meðtöldum tveimur afleysingarmönnum, sem fara til Íslands í orlof, enda verði orlofið tekið í samráði við útgerðarmann og skipstjóra.“

Telur stefnandi, að á grundvelli þessa samningsákvæðis svo og með sérstöku samkomulagi við skipstjórann Marius þá hafi hann farið í ólaunað orlof, án þess að ráðningarsamningi hans væri slitið. Sé þetta í samræmi við þær venjur, sem fylgt hafi verið á undanförunum árum, eftir að íslenskir síldveiðibátar fóru að stunda veiðar á fjarlægum miðum. Þá telur stefnandi, að yfirlýsingar forsvarsmanna hins stefnda félags beri ljóslega með sér, að þeir hafi litið svo á, að stefnandi væri ráðinn til áframhaldandi starfa á skipinu, skipstjórinn hafi sett sig í samband við stefnanda, strax eftir að hann kom heim, og óskað eftir því, að stefnandi kæmi til starfa, strax og hann yrði vinnufær. Stefnandi tel-

ur það atvik, að hann var lögskráður úr skiprúmi, engin áhrif hafa á tilvist eða gildi ráðningarsamnings síns. 5. gr. laga nr. 63/1961 um lögskráningu sjómanna mæli svo fyrir, að lögskrá skuli mann úr skiprúmi í hvert skipti, er vist hans á skipi lýkur, og telur stefnandi að ráðningarsamningar skipverja hefðu lítið gildi, ef sá skilningur væri réttur, að þeim væri jafnan slitið, er lögskráð væri úr skiprúmi. Þá gætu útgerðarmenn einhliða slitið skiprúmssamningi með því að afskrá skipverja úr skiprúmi, er þeir fara í leyfi eða vist þeirra lýkur með öðrum sambærilegum hætti, án þess að baka sér bótaskyldu með þeirri háttsemi. Telur stefnandi slíkan skilning andstæðan tilgangi sjómannalaga, laga um lögskráningu svo og nefnds kjarasamnings og almennri réttarvitund. Telur stefnandi, að með hliðsjón af öllu framansögðu beri stefndu sönnunarbyrði á þeirri staðhæfingu sinni, að afskráning stefnanda úr skiprúmi hafi jafngilt uppsögn af hans hálfu. Til vara byggir stefnandi á því, að nýr ráðningarsamningur hafi stofnast, þ. e. hann hafi verið ráðinn til þess að hefja störf á skipinu að nýju sem stýrimaður við upphaf nýs veiðitímabils.

Hið stefnda félag byggir sýknukröfu sína aðallega á því, að með skráningu stefnanda úr skiprúmi og með samkomulagi aðilja hafi ráðningarsamningi stefnanda verið slitið, er hann fór úr skiprúmi í Hirtshals hinn 10. nóvember 1972, en til vara á því, að uppsagnarfrestur stefnda eigi að miðast við 8. nóvember 1972 og hefði honum í síðasta lagi átt að ljúka hinn 8. febrúar 1973. Ef sú yrði niðurstaðan, sé kaupkrafan svo vanreifuð, að sýkna beri að svo stöddu. Til þrautavara byggir stefndi á því, að skipstjóranum hafi verið heimilt að víkja stefnanda úr skiprúmi hinn 17. janúar 1973, þar sem hann hafi verið óvinnufær sakir veikinda.

Til stuðnings aðalmálsástæðu sinni bendir stefndi á ákvæði í 5. gr. laga nr. 63/1961, þar sem segir, að lögskrá skuli menn úr skiprúmi í hvert sinn er vist manns á skipi lýkur. Stefndi telur, að þýðing afskráningar úr skiprúmi sé m. a. sú, að ráðningarsamningi útgerðarmanns og skipverja sé slitið. Vilji skipverji halda öðru fram, hvíli sönnunarbyrði á honum. Séu skipverjar leystir úr skiprúmi gegn vilja sínum, kunni þeir að eiga rétt til bóta, ef ekki sé gætt ákvæða sjómannalaga eða kjarasamninga um uppsagnarfrest. Í máli þessu sé engu slíku til að dreifa. Viðurkennt sé, að stefnandi hafi verið afskráður af skipinu að eigin ósk og án þess að hann hafi gert nokkra athugasemd við afskráninguna. Stefndi telur það atvik, að stefnandi kostaði sjálfur ferð sína til Íslands, styðja þá skoðun, að ráðningarsamningi hans hafi þá ver-

ið slitið, og ekki beri að líta svo á, að stefnandi hafi verið að fara heim til Íslands í orlof eða ólaunað frí. Líklegt megi telja, að stefnandi hefði leitað til útgerðarinnar um a. m. k. hluta farar-eyris ef hann hefði talið ráðningarsamning enn vera í gildi milli sín og útgerðarinnar. Stefndi leggur áherslu á, að stefnandi hafi tekið upp störf hjá öðru fyrirtæki, fljótlega eftir að hann kom til landsins, ótímabundið, og án þess að geta um, að hann réði sig þar aðeins til ákveðins tíma. Þegar stefnandi veiktist, hafi hann tekið við launum fyrir veikindadaga frá Hringnót h/f. Í umsókn til Tryggingastofnunar ríkisins um sjúkradagpeninga, sem stefnandi hafi sjálfur samið og undirritað, tilgreini hann Hringnót h/f sem vinnuveitanda sinn, er hann veiktist, og geti þess, að hann hafi verið ráðinn til starfa hjá fyrirtækinu um óákveðinn tíma. Í vottorði launagreiðanda, sem ritað sé á ofangreint umsóknar-eyðublað, staðfesti Jón Ármann Héðinsson, framkvæmdastjóri beggja fyrirtækjanna, Hringnótar h/f og Hreifa h/f, að upplýsingar stefnanda séu réttar og hann hafi verið starfsmaður Hringnótar h/f. Þessu vottorði svo og umsókninni sjálfri hafi stefnandi sjálfur framvísað við Tryggingastofnun ríkisins athugasemda-laust.

Stefndi telur, að í málflutningi stefnanda komi fram, að stefnandi vilji líta svo á, að það samband sé milli fyrirtækjanna Hreifa h/f og Hringnótar h/f, að nánast megi líta á þessi tvö fyrirtæki sem einn og sama aðiljann og þar af leiðandi geti hann litið svo á, að ráðningarsamningi sínum hafi aldrei verið slitið. Öllum slíkum hugmyndum mótmælir stefndi. Fyrirtæki þessi séu algerlega sjálfstæð og starfi hvort á sínu sviði og eigi reyndar ekki annað sameiginlegt en að forstjóri beggja fyrirtækjanna sé sami maðurinn og hluthafi í þeim báðum. Að öðru leyti sé ekki um sömu hluthafa að ræða.

Loks bendir stefndi á, að stefnandi gerði engar kröfur á hendur stefnda vegna veikindadaga sinna í desember 1972 og janúar 1973, en stefndi telur, að slíks hefði mátt vænta, ef stefnandi hefði talið stefnda vinnuveitanda sinn samkvæmt ráðningarsamningi á þessum tíma.

Allt þetta telur stefndi sýna, að með afskráningu stefnanda að hans eigin ósk hafi ráðningarsamningi hans verið slitið. Vilji stefnandi halda því fram, að þrátt fyrir afskráninguna hafi áfram verið í gildi ráðningarsamningur milli hans og stefnda, verði hann að sanna þá staðhæfingu sína. Slík sönnun hafi ekki komið fram og raunar bendi öll gögn málsins til hins gagnstæða. Vilji stefn-

andi á hinn bóginn halda því fram, að nýr ráðningarsamningur hafi stofnast, verði hann einnig að sanna það og jafnframt að veikindi stefnanda hafi ekki verið næg ástæða til riftunar eða ógildingar á slíkum meintum ráðningarsamningi.

Rök stefnda fyrir því, að sýkna beri að svo stöddu, verði ekki fallist á framangreind sjónarmið, eru einkum þau, að þá ætti að miða upphaf uppsagnarfrestsins við afskráningu hinn 8. nóvember 1972, þ. e. ef stefnandi yrði talinn eiga rétt til launa á uppsagnarfresti, þá eigi að miða upphaf uppsagnarfrestsins við nefndan dag. Uppsagnarfresturinn hefði þá verið liðinn hinn 8. febrúar 1972 og útilokað sé að dæma um hugsanlega bótafjárhæð á grundvelli kröfugerðar stefnanda, eins og hún nú liggur fyrir.

Loks telur stefndi, að þótt viðurkennd yrðu að fullu þau sjónarmið stefnanda, að honum hafi aldrei verið sagt upp ráðningarsamningi fyrr en 17. janúar 1973, væru samt ekki rök til að taka stefnukröfur hans til greina. Samkvæmt 32. gr. sjómannalaga hafi skipstjóri heimild til að víkja skipverja úr skiprúmi, ef hann er lengur en um stundarsakir ófær til vinnu sakir veikinda eða slysa. Í slíkum tilvikum fari réttur skipverjans til launa eftir ákvæðum 18. gr. sjómannalaga, en 3. mgr. þeirrar greinar veiti stýrimanni rétt á 2ja mánaða launum í slíkum tilvikum. Ljóst sé, að veikindi stefnanda hafi verið þess eðlis, að hann hafi ekki getað stundað venjuleg störf, hvað þá sjómannsstörf. Það hafi því einungis verið eðlileg og sjálfsögð skylda skipstjórans að krefjast þess, að stefnandi færði sönnur á heilbrigði sitt, áður en hann tæki við starfi að nýju á skipinu. Bendir stefndi í því sambandi á niðurlagsákvæði 10. gr. og 26. gr. sjómannalaga og mótmælir því harðlega, að stefnandi hafi nokkru sinni sýnt skipstjóra læknisvottorð um, að hann væri vinnufær, áður en m/s Héðinn hélt til loðnuveiða í janúar 1973. Einnig bendir stefndi á, að umrætt læknisvottorð hafi ekki verið ætlað vinnuveitanda, heldur einvörðungu fylgiskjal með umsókn um bætur til Tryggingastofnunar ríkisins. Sönnunargildi þess vottorðs sé því lítið. Sönnunargildi vottorðs þess, er samið var og lagt fram undir rekstri málsins, sé þaðan af minna, enda hafi læknir sá, er vottorðin gaf, ekki fengist til að koma fyrir dóm til þess að staðfesta vottorð sín eða svara spurningum varðandi veikindi stefnanda þrátt fyrir skrifleg tilmæli stefnda og margítrekaðar munnlegar beiðnir.

Stefndi mótmælti við munnlegan málflutning fjárhæð stefnukröfu sem allt of hárrí. Sérstaklega mótmælti hann 2. og 3. lið stefnukröfu sem órökstuddum og allt of háum.

Álit réttarins.

Meðan stefnandi var á skipi stefnda, var aldrei gerður við hann sérstakur skriflegur ráðningarsamningur skv. 2. mgr. 11. gr. sjómannalaga nr. 67/1963 að öðru leyti en því, að aðiljar undirrituðu skipshafnarskrá, þegar lögskráning fór fram, en skipshafnarskráin var færð í venjulegu hefðbundnu formi, þar sem þess er getið, á hvaða veiðar sé farið, og vísað til kjarasamnings viðkomandi stéttarfélags um kaup og kjör. Við lok hvers veiðitímabils, þegar stefnandi var afskráður, þá gengu aðiljar út frá því, að stefnandi mundi mæta og ætti að mæta til skips að nýju við upphaf nýs veiðitímabils. Það verður því að telja ósannað, að stefnandi hafi verið ráðinn til tiltekins tíma, ráðning hans var ótímabundin.

Á þeim tíma, sem hér um ræðir, var það orðin nokkuð almenn venja á fiskiskipaflotanum, að yfirmenn á skipum, sem stunduðu veiðar langtímum saman á fjarlægum miðum, ættu þess kost að fara í leyfi án launa hluta af veiðitímabilinu og fá mann í sinn stað, er skipstjóri eða útgerðarmaður samþykkti. Sést þessi venjuyndun m. a. á ákvæðum 18. gr. kjarasamnings stéttarfélaga aðilja máls þessa.

Gegn mótmælum stefnanda verður að telja ósannað, að ráðningarsamningi stefnanda hafi með samkomulagi verið slitið, er hann hélt heimleiðis í nóvember 1972 og var afskráður lögum samkvæmt.

Með vitund og vilja forsvarsmanna stefnda hafði stefnandi áður stundað launuð störf hjá tilteknu fyrirtæki, Hringnót h/f, milli þess sem hann sinnti stýrimannsstarfi á skipi stefnda. Þau störf tálmuðu því ekki, eins og á stóð og sambandi fyrirtækjanna var háttað, að stefnandi gæti staðið við ráðningarskyldur sínar gagnvart stefnda og mætt til skips, þegar kallað var.

Þegar stefnandi átti að mæta til undirbúningsvinnu við skipið í byrjun janúar 1973, var hann orðinn veikur af sjúkdómi, sem forsvarsmenn stefnda máttu ætla, að væri sérlega bagalegur fyrir stýrimann á aflaskipi, sem þarf að standa langar vaktir í vetrarveðrum og vera öðrum skipverjum fyrirmynd um dugnað og harðfylgi. Þrátt fyrir það gerði skipstjórinn stefnanda ekki skýra grein fyrir því, að hann hygðist neyta heimildar 32. gr. sjómannalaga til slita á ráðningarsamningnum, heldur var um það talað, að stefnandi kæmi til vinnu við skipið, þegar hann væri orðinn vinnufær.

Hinn 17. janúar var endanleg ákvörðun um val skipshafnar að komast í eindaga. Stefnandi og forsvarsmenn stefnda ræddust

við þann dag. Stefnandi bauð þá fram þjónustu sína skv. ráðningarsamningi sínum, en forsvarsmenn stefnda höfnuðu henni og auglýstu eftir nýjum manni. Stefnanda var rétt að líta svo á, að þar með væri ráðningarsamningi sínum slitid.

Kemur þá til álita, hvort um var að ræða uppsögn skv. 13. gr. sjómannalaganna með 3ja mánaða uppsagnarfresti eða hvort fyrir hendi var heimild til brottvikningar skv. 32. gr. sjómannalaganna og þá um að ræða rétt til 2ja mánaða launa skv. 2. mgr. (sic) 18. gr. sjómannalaga. Þegar málsaðiljar ræddust við, hafði stefnandi í höndum læknisvottorð. Hann framvísaði því þó ekki. „Það var ekki til þeirra. Ég taldi mér ekki skylt að framvísa læknisvottorði.“

Samkvæmt 26. gr. sjómannalaganna er skipverja skylt að láta rannsaka heilsufar sitt, ef skipstjóri krefst þess, enda sé það gert skipverja að kostnaðarlausu. Með tilliti til hinna alvarlegu veikinda, sem stefnandi hafði átt við að stríða, svo og með tilliti til þess, að læknir hafði ráðlagt honum að fara vel með sig, þá bar honum að ósk stefnda að framvísa því læknisvottorði, sem hann hafði undir höndum, gegn greiðslu kostnaðar og eftir atvikum að hlíta því, að frekari gagna væri aflað um sjúkdóm hans. Telja verður, að synjun stefnanda í þessu efni hafi, eins og á stóð, skapað stefnda rétt til að neyta heimildar 32. gr. sjómannalaga til brottvikningar.

Samkvæmt þessu á stefnandi rétt til tveggja mánaða launa samkvæmt 18. gr. sjómannalaganna, og miðast upphaf þess tímabils við þann dag, þegar brottvikningarheimildar var neytt.

Stefndu mótmæltu kröfufjárhæð tölulega við munnlegan málflutning. Hvort tveggja er, að stefndu höfðu undir höndum og bar að leggja fram skýrslu um laun staðgengils, vildu þeir hnekkja kröfufjárhæðinni, svo og að mótmælin eru úr hófi seint fram komin.

Veikindi stefnanda reyndust ekki alvarlegri en svo, að hann gat tekið upp launuð störf í landi á nefndu tveggja mánaða tímabili, eða hinn 7. febrúar 1973. Eftir atvikum þykir það ekki eiga að valda því, að greiðslur til hans falli með öllu niður frá þeim degi, heldur eiga þær launagreiðslur fram til loka tveggja mánaða tímabilsins að koma til frádráttar.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda 2/3 hluta stefnufjárhæðar, eða kr. 759.249 að frádregnum launum stefnanda fram til 23. mars, en stefnandi miðar sjálfur í kröfugerð uppsögn sína við 23. janúar. Samkvæmt gögnum málsins

nema laun stefnanda á þessu tveggja mánaða tímabili því sem næst kr. 70.000. Verða því tildæmdar kr. 689.248 ásamt vöxtum, eins og krafist er, og málskostnaði, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 90.000.

Viðurkenna ber, að stefnandi eigi sjóveðrétt í m/s Héðni, ÞH 57, fyrir ofangreindum fjárhæðum.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt sjó- og verslunardómsmönnunum Guðmundi Guðmundssyni og Árna Sigurðssyni skipstjórum. Uppkvaðning dómsins hefur dregist um viku vegna tilfallandi sjúkrahússvistar annars meðdómandans.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Hreiði h/f, greiði stefnda, Aðalsteini Guðmundssyni, kr. 689.248 ásamt 7% ársvöxtum frá 23. mars 1973 til 16. maí s. á., en 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, en 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 90.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/s Héðni, ÞH 57, fyrir framan- greindum fjárhæðum.

Þriðjudaginn 8. nóvember 1977.

Nr. 74/1975. **Ólafur Gunnarsson og**
Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f
 (Benedikt Blöndal hrl.)
 gegn
Guðmundi Ólafssyni
 (Hörður Einarsson hrl.).

Bifreiðaárekstur. Skaðabótamál. Lögveð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfa- son, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Ein- arsson og Þór Vilhjálmsson.